

Kópavogi, 15. október 2018

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um mannanöfn, þingskjal nr. 9, 9. mál.

3. gr.
nafnbreytingar

Í 3. gr. frumvarpsins segir: Heimilt er hverjum einstaklingi að breyta nafni sínu.

Hvergi í frumvarpinu er skilgreint hvaða hópur manna það er sem hefur heimild til að breyta nafni sínu hjá Þjóðskrá Íslands. Útlendingastofnun telur nauðsynlegt að skilgreint verði í 3. gr. laganna hvaða einstaklingar geti breytt nafni sínu hér á landi. Að minnsta kosti verði að koma fram hvort erlendir ríkisborgarar þurfi að hafa gilt dvalarleyfi eða fasta búsetu hér á landi til að fá nafnbreytingu skráða eða hvort það nægi að hafa íslenska kennitölu.

Víða erlendis og á öðrum Norðurlöndum er heimild erlendra ríkisborgara til að breyta nafni sínu háð því að nafni sé einnig breytt í heimalandi.¹ Lög og reglur um nafnbreytingu eru mismunandi á milli landa og því geta þær aðstæður skapast að einstaklingur breyti nafni sínu hér á landi en hafi ekki heimild til að bera nafnið í því landi sem hann er ríkisborgari. Viðkomandi getur þá ekki fengið útgefið vegabréf né önnur gögn frá heimaríki með því nafni sem hann ber hér á landi og skráð er á íslenskt dvalarleyfiskort. Þar sem erlendum ríkisborgurum er heimilt að breyta nafni sínu hér á landi samkvæmt núgildandi nafnalögum nr. 45/1996 hefur þessi staða komið upp nokkrum sinnum á síðustu árum og ollið töluverðum vandkvæðum.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um rétt til nafns og kemur þar fram að rétturinn njóti verndar 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og falli undir 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Útlendingastofnun telur að takmörkun á rétti til nafnbreytingar, á þá leið að erlendir ríkisborgarar þurfi að fá nafnbreytingu samþykkt fyrst í heimalandi, geti verið rökstuddar með vísan til almannahagsmuna og fari ekki gegn áðurnefndum ákvæðum. Þá væri mögulegt að gera undanþágu frá skilyrðinu, til dæmis fyrir flóttamenn sem ekki mega snúa aftur til heimalands, enda eiga þeir ríkan rétt á að fá útgefin ferðaskilríki hér á landi sbr. 1. mgr. 46. gr. útlendingalaga nr. 80/2016. Þau ferðaskilríki yrðu gefin út á nýju nafni viðkomandi og því ættu ekki að skapast vandamál.

Lagt er til að skilgreint verði hvaða einstaklingar, sem staddir eru eða búsettir eru hér á landi, hafa heimild til að breyta nafni sínu. Þá er að mati Útlendingastofnunar ákjósanlegt að heimildin sé bundin því skilyrði að erlendir ríkisborgarar hafi breytt nafni sínu í heimalandi áður en því er breytt af íslenskum yfirvöldum. Frá þessu yrði þó hægt að veita undanþágur, svo sem fyrir þá sem fá alþjóðlega vernd hér á landi.

F.h. Útlendingastofnunar

Brynjar Pétursson

¹ Sjá t.d. 24. gr. dönsku nafnalaganna og 14. gr. norsku nafnalaganna.